

Hálsakot  
Augastaðir  
320 Reykholt



UMHVERFISSTOFNUN

Snæfellsbær 26. apríl 2016  
UST201603-201/B.R.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Þjónustuhús við Hraunfossa**

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Snorra H. Jóhannssonar dags. 26.03.2016, vegna fyrirhugaðra framkvæmda við náttúruvættið Hraunfossa og Barnafoss.

Hraunfossar og Barnafoss eru friðlýstir sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 410/1987. Samkvæmt friðlýsingunni er mannvirkjagerð og jarðrask svo og aðrar breytingar á svæðinu háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Sótt er um leyfi til að byggja 110m<sup>2</sup> timburhús sem nýtt verður sem þjónustuhús á landi Hraunáss við Hraunfossa í apríl 2016. Húsið verður byggt innan byggingarreits sem skilgreindur er samkvæmt deiliskipulagi sem þjónustusvæði. Nýja húsið verður tengt öðru húsi sem fyrir er á svæðinu. Á reitnum standa einnig salernishús sem byggð voru árið 2000 af Ferðamálaráði Íslands (nú Ferðamálastofa). Salernin eru tengd roþþó sem er tæmd reglulega. Notast verður við salernin sem eru á svæðinu. Heilbrigðisfulltrúi skoðaði aðstæður og telur að gestir þjónustuhúss og starfsfólk geti nýtt núverandi salernisaðstöðu. Efni og mól í púða verður flutt á reitinn og húsið byggt á staðnum en þannig að auðvelt verði að flytja það af svæðinu ef þörf krefur. Húsinu verður komið fyrir á steyptum sökklum annaðhvort aðfluttum eða steyptum á staðnum, sem standa á malarpúða á byggingarreit. Húsið verður málað eða klætt svo það falli vel inn í heildarsýn svæðisins, falli vel að umhverfinu og sé svæðinu til sóma. Í þjónustuhúsinu verður takmörkuð sala á mat (súpu og brauð), minjagripum og handverki. Gert er ráð fyrir að sorp verði flokkað í samræmi við fyrirkomulag um sorphirðu Borgarbyggðar.

Umsækjandi leggur áherslu á að koma fyrir tímabundnu húsnæði og ef reksturinn gengur vel verði byggð varanleg aðstaða, annars sé auðvelt að flytja húsið af svæðinu. Þetta er því fyrsti áfangi í hugsanlegri uppbyggingu á þjónustu á svæðinu að hálfu umsækjanda.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur miðað við þau gögn sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram að bygging þjónustuhúss á skipulögðum byggingarreit komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða landslag enda verði þess gætt að raska hvorki landi né dýralífi auk þess sem skilyrði verði sett um efnisval og útlit mannvirkja.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu þjónustuhúss að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lágmarki.
- Að framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlanir.

- Að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um frávik á ofangreindri lýsingu og þeim upplýsingum sem lagðar hafa verið fram til stofnunarinnar.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.


Stofnunin verði látin vita þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 2. mgr 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Birna Reynisdóttir  
sérfræðingur